

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sjóð Nielsar Dungals prófessors, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. nóvember 1971.
Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá
fyrir Sjóð Nielsar Dungals prófessors.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjóður Nielsar Dungals prófessors. Sjóðurinn er stofnaður með framlagi frá Rannsóknarstofu Háskólans í meina- og sýklafræði, og fær árlegar tekjur frá þeirri stofnun samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi stjórnvalda hverju sinni.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands, og er varzla hans og ávöxtun í höndum rektors og háskólaráðs samkvæmt þeim almennu reglum, er gilda um sjóði Háskólans.

3. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum, prófessorum í meinafræði við Háskóla Íslands, sem er formaður stjórnarinnar, einum manni er læknadeild tilnefni og öðrum er háskólaráð nefni til.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að bjóða til fyrirlestrahalds við Háskóla Íslands íslenskum eða erlendum fræðimönnum, og skulu fyrirlestrarnir tengdir nafni prófessors Nielsar Dungals.

5. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir og birtir með sama hætti og reikningar annarra háskólasjóða.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.